

Fimmtudagurinn 2. desember 1999 kl. 12:00

134. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 38/1999

**Kvörtun Lyfju hf. yfir auglýsingu Eðalvara ehf.
„Fæst í öllum apótekum nema Lyfju“**

I.

Erindið

Samkeppnisstofnun barst í júlí erindi, dags. 8. júní (sic) 1999, frá Lyfju hf. Þar er kvartað yfir auglýsingu á Acidophilus+ mjólkursýrugerlum sem birst hafði í fjölmiðlum, m.a. í Morgunblaðinu og VR blaðinu. Nafn auglýsanda kom ekki fram í auglýsingunni, en kvartandi upplýsti að hún kæmi frá Eðalvörum ehf. Í auglýsingunni er virkni mjólkursýrugerlanna lýst. Þá segir með áberandi lettri neðst í auglýsingunni: „Fæst í öllum apótekum nema Lyfju“.

Í erindi Lyfju segir:

„Að mati undirritaðs er hér um skýrt brot að ræða á VI. kafla samkeppnislaga um óréttmæta viðskiptahætti. Nafn Lyfju er notað í auglýsingunni án heimildar fyrirtækisins og það með afar ósanngjörnum hætti. Auglýsingin er nafnlaus en innflytjandi og umboðsaðili vörunnar er hinsvegar Eðalvörur hf. Að mati undirritaðs virðist sem auglýsingin sé með óbeinum hætti beint gegn hagsmunum og heiðri Lyfju sem alhliða smásala lyfja.“

II.

Málsmeðferð

1.

Hinn 12. júlí 1999 var erindið sent Eðalvörum til umsagnar og gefinn 10 daga frestur til að koma að athugasemdum. Þar sem svar barst ekki var annað bréf sent Eðalvörum hinn 16. ágúst sl. þar sem ósk um umögn við erindinu var ítrekuð og til þess gefinn frestur til 23. ágúst sl. Svar Eðalvara er dagsett 20.

ágúst, en þar kemur fram að fyrirtækið kannist ekki við að hafa fengið umrætt bréf frá Samkeppnisstofnun, dags. 12. júlí 1999. Sendi Samkeppnisstofnun því erindið að nýju til Eðalvara, hinn 23. ágúst 1999. Svar Eðalvara er dags. 30. ágúst. Þar segir m.a. að Lyfja hafi nýlega hætt að kaupa Acidophilus+ og innkaupastjórum fyrirtækisins bannað að eiga viðskipti við Eðalvörur. Þá segir í svarinu:

„Lyfja er fyrirtæki í örum vexti, sem keypt hefur upp apótek í þéttbýli og úti á landsbyggðinni. Í hvert skipti sem Lyfja kaupir upp apótek er almenningi gert erfiðara um vik að nálgast þessa vinsælu vöru. Acidophilus+ frá Futurebiotics er vara sem fram til þessa hefur nánast eingöngu verið seld í lyfjabúðum. Eðalvörur hafa hins vegar verið undir þrýstingi, upp á síðkastið, að breyta þessu t.d. austur á Héraði og sunnanverðum austfjörðum þar sem fólk þarf að ferðast óraveg til að komast í annað apótek en Lyfju. Við þessar aðstæður telja Eðalvörur brýna nauðsyn til að auglýsa útsölastaði. Sú ákvörðun Eðalvara að auglýsa útsölastaði vörunnar var tilkynnt innkaupastjóra Lyfju í Lág múla símleiðis með góðum fyrirvara.

Það sætir því furðu að forstjóri Lyfju skuli láta eins og auglýsing á útsölastöðum hafi komið honum í opna skjöldu og telji ósanngjarnt að Lyfja skuli ekki hafa verið talin meðal útsölastaða. Ennfremur telur hann að það skaði hagsmuni og heiður Lyfju að auglýsa að varan fái í öllum apótekum nema Lyfju. Það kann vel að vera að forstjórinn átti sig á því að þessi afstaða hans að eiga ekki viðskipti við Eðalvörur, valdi viðskiptavinum óþægindum og skaði þannig hagsmuni og heiður Lyfju sem alhliða smásala svo notuð séu hans orð, en þá er tæplega við Eðalvörur að sakast.

Hitt er annað mál að það kemur Eðalvörum ekki á óvart að Lyfja skuli leita á náðir Samkeppnisstofnunar til að reyna að halda máli þessu leyndu.“

2.

Svar Eðalvara var sent til umsagnar Lyfju. Í bréfi, dags. 7. september 1999, kom fram að Lyfja sæi ekki ástæðu til að koma að frekari athugasemdum. Hinn 29. september var Eðalvörum og Lyfju tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og málið yrði lagt fyrir auglýsinganefnd og samkeppnisráð til ákvörðunar.

III. Álit auglýsinganefndar

Á fundi auglýsinganefndar, þann 25. nóvember 1999, var mál þetta til umræðu. Fund auglýsinganefndar sátu Tryggvi Axelsson, Jóhannes Gunnarsson og Sólveig Ólafsdóttir. Niðurstaða nefndarinnar var eftirfarandi:

„Í auglýsingu Eðalvara á mjólkursýrugerlum segir m.a. „Fæst í öllum apótekum nema Lyfju“.

Auglýsinganefnd telur að fyrirtæki sem með löglegum hætti kys að selja ekki vörur eigi ekki að þurfa sæta því að það sé sérstaklega tilgreint í auglýsingum. Slik framsetning er til þess fallin að gefa neikvæða mynd af fyrirtækinu og er ósanngjörn gagnvart neytendum. Auglýsingin brýtur því gegn ákvæðum 21. gr. samkeppnislaga.“

IV. Niðurstöður

Á fundi samkeppnisráðs, þann 2. desember 1999, var ákvörðun tekin í máli þessu. Fundinn sátu Brynjólfur Sigurðsson, Karitas Pálsdóttir, Ólafur Björnsson, Sigurbjörn Magnússon og Tryggvi Axelsson.

Samkeppnisráð er sammála því áleti auglýsinganefndar að setningin „Fæst í öllum apótekum nema Lyfju“, í auglýsingu Eðalvara á Acidophilus+ mjólkursýrugerlum, sé ósanngjörn og brjóti því í bága við 21. gr. samkeppnislaga, en hún hljóðar svo:

„Óheimilt er að veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum eða með öðrum hætti eða beita öðrum slíkum viðskiptaaðferðum sem sama marki eru brenndar, enda séu upplýsingar þessar og viðskiptaaðferðir fallnar til að hafa áhrif á eftirspurn eða framboð vara, fasteigna, þjónustu eða annars þess sem haft er á boðstólum í atvinnustarfsemi sem lög þessi taka til.

Auglýsingar og aðrar viðskiptaaðferðir skulu ekki vera ósanngjarnar gagnvart keppinautum eða neytendum vegna forms þeirra eða sökum þess að skírskotað er til óviðkomandi mála.“

Samkeppnisráð vekur athygli á að í athugasemdum með frumvarpi til samkeppnislaga segir m.a. um þessa grein:

„Samkvæmt 2. mgr. greinarinnar gildir 1. mgr. þegar upplýsingar eða aðrar viðskiptaaðferðir eru óhæfilegar gagnvart keppinautum eða neytendum vegna forms þeirra eða sökum þess að skírskotað er til óviðkomandi mála. Gagnstætt 1. mgr. geta upplýsingar og aðrar viðskiptaaðferðir brotið í bága við reglur þessarar málsgreinar enda þótt þær séu efnislega réttar og sannar.“

Í 20. gr. samkeppnislaga kemur m.a. fram að óheimilt sé að hafast nokkuð það að sem brýtur í bága við góða viðskiptahætti. Samkeppnisráð er sammála því álitum auglýsinganefndar að framsetning auglýsingarinnar sé til þess fallin að gefa neikvæða mynd af Lyfju. Á þann hátt telur ráðið að auglýsingin brjóti gegn góðum viðskiptaháttum og þar með gegn ákvæðum 20. gr. samkeppnislaga.

V.

Ákvörðunarorð:

„Með vísan til 20. og 21. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 og með heimild í 51. gr. sömu laga bannar samkeppnisráð Eðalvörum ehf., Sundaborg 1, Reykjavík, að auglýsa með orðunum: „Fæst í öllum apótekum nema Lyfju“, þar sem slíkt er ósanngjarnt og til þess fallið að gefa neikvæða mynd af fyrirtækinu.

Bannið tekur gildi við birtingu.“

[Máli þessu var áfrýjað; sjá Úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli [nr. 1/2000](#)]